



INNDRITUNARREGLUR FYRIR FRÍSTUND Í SKAGAFIRÐI

Frístund er þjónusta ætluð börnum í 1.-4. bekk í Árskóla og Varmahlíðarskóla.

Markmið:

Markmið þjónustunnar er að búa börnum öruggt umhverfi með þroskandi viðfangsefnum að skóladegi loknum.

Forgangur:

Yngri börn forgang umfram þau sem eldri eru. Börn, sem að mati félags- og/eða fræðsluþjónustu sveitarfélagsins, búa við erfiðar aðstæður, hafa einnig forgang að þjónustunni.

Opnunartími:

Frístund opnar að hausti og er miðað við að opnað sé viku fyrir skólabyrjun og lokað sé á vorin er skóla lýkur. Daglega er Frístund opin frá því er skóla lýkur á daginn og fram til kl. 16:30. Boðið er upp á að velja mismunandi vistunardaga. Lokað er í jóla- og páskafríum og á árlegum fræðsludegi skólanna. Opið er á starfs – og viðtalsdögum skólanna, vetrarfrísdögum og á haustþingsdegi kennara.

Umsóknir:

Umsóknir um Frístund fyrir hvert skólaár skal berast viðkomandi grunnskóla eigi síðar en 1. júní og skal í umsókn tilgreind ósk um vistunardaga og tíma á degi hverjum.

Greiðslur fyrir þjónustuna:

Við umsókn fyrir hvert skólaár skuldbinda foreldrar sig til að greiða fyrir vistun fram að áramótum. Foreldrar þurfa ekki að innrita börnin að nýju við annaskil í janúar en þurfa að tilkynna fyrir 15. desember ef þeir ætla að segja plássi sínu lausu. Sé það ekki gert er litið svo á að foreldrar skuldbindi sig til að greiða fyrir vistunina til loka viðkomandi skólaárs. Greitt er fyrir þann tíma sem börnin eru skráð í Frístund óháð því hvort barnið mætir alla dagana eða ekki.

Gjalddagi:

Greitt er mánaðarlega fyrir Frístund og eru gjöld greidd eftirá, gjalddagi er 10. hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá gjalddaga. Hafi skuldin ekki verið greidd eða um hana samið eftir einn mánuð (30 daga) frá gjalddaga, áskilur sveitarfélagið sér rétt til að segja dvöl barnsins í Frístund upp með 10 daga fyrirvara.

Gjaldskrá:

Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir þjónustuna í tengslum við fjárhagsáætlun ár hvert og er gjaldskráin auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sérákvæði fyrir Sauðárkróki:

Forgang að þjónustunni hafa börn sem búa utan þéttbýlis á Sauðárkróki og ferðast alla jafna með skólarútu á milli heimilis og skóla.

Börn sem búa í dreifbýli og nýta skólarútu til heimferðar greiða ekki dvalargjald, einungis efnisgjald og matarkostnað.

Dvelji börn úr dreifbýli í Frístund eftir að skólarútan fer að skóladegi loknum, skal greiða fyrir þann tíma.